

**LÖG****um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins, sbr. 1. mgr., mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Helgason.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984,  
um Ríkismat sjávarafurða.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða heyrir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal hafa eftirlit með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hefist.